

# TRUENORTH®

Reykjavík, 8. janúar 2021

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

**Sent á tölvupóstfangið [postur@anr.is](mailto:postur@anr.is)**

Efni: Umsögn drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, mál nr. 269/2020

Truenorth fagnar því að framlengja eigi lög um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi fram til ársins 2025. Það skýtur hinsvegar skökku við að margar af þeim tillögum sem eru í þessu frumvarpi eru ekki til þess fallnar að styðja við greinina heldur er verið að gera fyrirtækjum erfiðara fyrir ef þessar tillögur ná fram að ganga.

Undirritaður sat í nefnd menntamálaráðherra um kvikmyndstefnu Íslands til ársins 2030 þar sem lögð var áhersla á heilstæða og uppbyggilega stefnu til kvikmyndamála á Íslandi til tíu ára. Það er því mjög einkennilegt að á sama tíma komi fram tillögur að lögum um endurgreiðslu sem eru til þess fallnar að skerða samkeppnishæfni og gera iðnaðinum erfiðara fyrir.

Við lýsum því yfir miklum vonbrigðum með þessar tillögur ráðuneytisins. Sérstaklega eru það vonbrigði að ekkert samráð virðist hafa verið haft við kvikmyndagerðamenn þegar þessar tillögur voru skrifaðar, öfugt við vinnu menntamálaráðuneytisins um kvikmyndastefnu Íslands til tíu ára.

Við skorum því á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að draga umræddar breytingar á fyrirkomulagi endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar til baka og eiga samráð við kvikmyndagreinina um útfærslu á þessum breytingum.

## **ÞAÐ ERU TÆKIFÆRI FRAMUNDAN**

Það er alveg ljóst að á komandi misserum þurfa Íslendingar að blása í seglin og vinna sig útúr þeim áskorunum sem kórónu vírusinn hefur skapað hér heima og í heiminum. Í stað þess að gera greininni erfitt fyrir þá væri miklu nær að styðja við kvikmyndagreinina til að búa til gjaldeyrstekjur og störf sem því fylgja.

Truenorth hefur bæði kynnt og lagt til að endurgreiðslur til kvikmyndagerðar verði hækkaðar í 35% tímabundið til að aðstoða við þá uppbyggingu sem þarf til leysa úr þeim efnahagsþrengingum sem hafa skapast á tímum heimsfaraldurs. Truenorth hefur bent á að þriðjungur tekna sem koma inn vegna erlendra verkefna renna beint til ferðamannaíðnaðarins. Þannig geta erlend verkefni sem koma til landsins hjálpað ferðamannaíðnaðinum með beinum hætti.

Enn mikilvægara þó eru önnur tækifæri sem skapast við að hækka endurgreiðslu til kvikmyndagerðar á Íslandi. Truenorth er í viðræðum við erlenda aðila sem eru tilbúnir að koma til Íslands og byggja upp kvikmyndaver verði prósentan hækkuð. Við það skapast allt aðrar aðstæður á Íslandi og í stað þess að fá verkefni í tíu daga útitökur sem nýta náttúru landsins þá værum við að fá verkefni til landsins sem væru í tökum í marga mánuði og myndi nýta sér umrætt kvikmyndaver. Gjaldeyrstekjur myndu margfaldast! Einsog staðan í heiminum er í dag þá er mikill skortur á kvikmyndaverum og allar aðstæður á Íslandi eru vel til þess fallnar að taka á móti slíkum verkefnum.

Í stað þess að draga úr kvikmyndagerð á Íslandi ættum við að leggjast á eitt og byggja upp þennan iðnað sem hefur náð gríðarlega langt á þessum fyrstu tveimur áratugum aldarinnar. Við erum ein af grunnstöðum fjórðu iðnbyltingarinnar – nýsköpun er nauðsynleg öllum þjóðum en sérstaklega á Íslandi þar sem við höfum alltaf haft of fáar stoðir í efnahagskerfi okkar.

Ég mun ekki gagnrýna einstök atriði frumvarpsins enda er ég sammála bréfi Samtaka iðnaðarins og Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda sem var sent inni samráðsgáttina nú í vikunni. Auk þess sit ég í stjórn hjá Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda.

Virðingarfyllt,



Kristinn Þórðarson